

Fjarskiptahópur SKÝ, skýrsla stjórnar 2012.

Síðasti aðalfundur var haldinn í 22. mars 2012. Var hann skemmtilegur með eindæmum þar sem frískleg erindi voru flutt eftir hefðbundna dagskrá. Tímaáætlun fór heldur úr böndunum þann daginn og endaði maraþon aðalfundurinn á tæpum þremur tímum. Kosið var stjórn og skipa nú stjórnina þeir:

Jón Ingi Einarsson hjá Rhneti
Guðmundur Daníelsson hjá Orkufjarskiptum
Gunnar A. Ólafsson hjá Nova
Theodór Carl Steinþórsson hjá Vodafone
Davíð Stefán Guðmundsson hjá Símanum

Guðmundur Daníelsson tók að sér starf formanns á fyrsta stjórnarfundi félagsins.

Í september 2012, var boðað til fundar um fjarskipti á náttúruhamfaratímum. Á fundinn mættu margir fagaðilar sem kynntu sín sjónarmið með þrúði. Má segja að þessi fundur hafi verið í „beinni“ þar sem á sama tíma voru margir viðbragðsaðilar að leita fjár í miklum snjópunga sem mætti óvenju snemma til leiks á norðanverðu landinu. Fundarstjóri var Ari Trausti Guðmundsson.

Í janúar 2013, var boðið upp á hádegisverðarfund er bar yfirskriftina „Fjarskipti á heimilinu“. Þar var fjallað um hvernig við getum fært okkur fjarskiptin í nyt á komandi árum innan veggja heimilisins. Fundarstjóri var Guðmundur Daníelsson.

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar fjarskiptahóps SKÝ 2011 – 2012 átti fulltrúa í fjarskiptaráði skipað af Samgönguráðherra, en skipunartími síðasta ráðs var til ársbyrjunar 2012. Enn er óvíst er um framhaldið í þeim efnum. Samþykktar hafa verið á Alþingi þingsályktanir um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 og fjögurra ára framkvæmdaáætlun árána 2011-2014. Gaman verður að fylgjast með verkefnum sem útfæra eiga þær áætlanir.

Ljóst er að margt er að gerast í þróun fjarskipta í heiminum og því að nógu að taka í starf félagsins um ókomna tíð.

Fyrir hönd stjórnar,

Guðmundur Daníelsson